

# Áveitan

3. tbl. 5. árgangur. Mars 2011

## Héraðsleikar HSK í frjálsum

Héraðsleikar HSK í frjálsum íþróttum 10 ára og yngri verða haldnir í íþróttahúsinu á Hvolsvelli laugardaginn 5. mars kl 10:00 til 13:00.

Keppt er í eftirtöldum greinum:

10 ára hnokkar og hnátur (fædd 2001): 30m hlaup, hástökk með atrennu, langstökk án atrennu, kúluvarp, boðhlaup.

9 ára hnokkar og hnátur (fædd 2002): 30m hlaup, langstökk án atrennu, skutlukast, boðhlaup.

8 ára og yngri pollar og þæjur (fædd 2003 og síðar): 30m hlaup, langstökk án atrennu, skutlukast, boðhlaup.

Skráningar þurfa að berast til Stefáns Geirssonar í síðasta lagi kl 22:00 fimmtudagskvöldið 3. mars á netfangið: [stegeir@hotmail.com](mailto:stegeir@hotmail.com) eða í síma: 867 6907.

Ungmennafélögin ætla að bjóða upp á rútu ef góð þátttaka verður. Stefán mun láta skráða keppendur vita klukkan hvað hún fer og hvaðan þegar nær dregur og þátttaka skýrist.

Foreldrar eru hvattir til að koma með og fylgjast með skemmtilegu móti hjá krökkunum. Í anda stefnu ÍSÍ fá allir keppendur viðurkenningu fyrir þátttöku á mótinu.

Með von um að sem flestir drifi sig á Héraðsleika.

Ungmennafélögin



## **Áveitan í Flóahreppi**

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## **Frá sveitarstjóra**

### **Aðalskipulag Flóahrepps í fyrrum Villingaholtshreppi**

Aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi sem samþykkt var af sveitarstjórn Flóahrepps 4. desember 2008 hefur verið staðfest af Umhverfísráðherra og býður auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda samkvæmt upplýsingum frá Umhverfísráðuneytinu.

### **Vegamál**

Þessa dagana er Vegagerðin í lagfæringum á vegum í sveitarfélaginu. Verið er að bera efni í Hamarsveg, Villingaholtsveg og Kolsholtsveg en mál þessara vega hafa verið talsvert til umfjöllunar undanfarið. Það er rétt að þakka fyrir það sem vel er gert og hvetja Vegagerðina til áframhaldandi vegbóta í sveitarfélaginu.

### **Þriggja ára fjárhagsáætlun**

Þriggja ára fjárhagsáætlun Flóahrepps 2012-2014 hefur verið samþykkt af sveitarstjórn.

Áætlun byggir á fjárhagsáætlun 2011 og gerir ráð fyrir föstu verðlagi miðað við lok þess árs. Þó er gert ráð fyrir 2,5% verðbótum á langtímakröfur og langtímaskuldir. Reiknað er með óbreyttum árlegum skatttekjum á tímabilinu miðað við fjárhagsáætlun 2011. Almennt er gert ráð fyrir óbreyttum rekstri málaflokka á tímabilinu.

Framkvæmdir og fjárfestingar eru áætlaðar 50 mkr. árlega, samtals 150 mkr. á tímabilinu.

Ekki er gert ráð fyrir neinum lántökum á tímabilinu.

Vinna við ársuppgjör sveitarfélagsins fyrir árið 2010 er langt komin og reiknað er með að ársreikningur verði lagður fram í þessum mánuði.

### **Skoðanakönnun um hitaveitu**

Skoðanakönnun um áhuga á hitaveitu hefur nú borist til flestra fasteig-

naeigenda í Flóahreppi. Könnunin nær til flestra fasteigna í fyrrum Gaulverjabæjarhreppi og Villingaholtshreppi. Ef einhver/einhverjir eiga fasteign á þessu svæði en hafa ekki fengið póst frá sveitarfélaginu eru viðkomandi beðnir að hafa samband við skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370.

## **Gjöld**

Álagningaseðlar ættu að hafa borist eigendum fasteigna í Flóahreppi en eindagi fyrstu greiðslu er 1. apríl. Álagning fasteignagjalda, vatnsgjald, lóðarleiga, sorphreinsun og sorpeyðing er óbreytt frá síðasta ári.

Leikskólagjöld í Krakkaborg taka breytingum í febrúar ár hvert samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Fæðiskostnaður í Flóaskóla og skólavistun taka breytingum tvisar á ári, í ágúst og febrúar, samkvæmt vísitölu neysluverðs. Fæðiskostnaður breytist ekki og er áfram 270 kr. pr/dag en innifalið í því eru ávextir í morgunhressingu, máltíð í hádeginu og mjólk. Skólavistun hækkaði um eina krónu og kostar nú 450 kr. pr/dag og innifalið í því er vistun frá skólalokum til kl. 17:00 ásamt síðdegishressingu.

## **Vatnsmál**

Vinna við vatnsveitu í Flóahreppi frá Árborg er samkvæmt áætlun.

Dælustöðin við Þingborg er nánast tilbúin og stefnt er að því að prufukeyra vatnslagnir í marsmánuði.

Útboð á nýjum aðveitustofni hefur farið fram frá Árbæjarlindum að Ölfusárbrú og er verið að vinna úr tilboðum sem bárust. Stefnt er að því að bjóða út verk vegna vinnu við vatnslindir á næstunni.

## **BOWEN**

**Verð með Bowenmeðferð heima í Vatnsholti 1 (bláa húsið)**

**Flóahrepp á þriðjudögum og fimmtudögum í vetur.**

**Pantið tíma í síma 8999684/4863404**

**Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir (DIDDA)**

## Fréttir frá Krakkaborg

Dagur leikskólans var 6. febrúar og er hann samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla. Þennan dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín sem heitir *Félag leikskólakennara* í dag. Markmiðið með verkefninu er að beina sjónum að leikskólanum og því gróskumikla og mikilvæga starfi sem þar fer fram, hvetja til aukinnar umræðu um leikskólastarf og gera það sýnilegra.

Af því tilefni gerðum við okkur glaðan dag föstudaginn 4. febrúar því daginn bar upp á sunnudegi að þessu sinni. Við höfðum pizzuveislur og andlitsmálun og skemmtu börnin sér vel. Einnig bökuðu elstu börn leikskólans skúffuköku sem þau buðu öllum í leikskólanum upp á í nónhressingu. Einnig tókum við þátt í stuttmyndasamkeppni sem Félag leikskólakennara stóð fyrir og sendum við inn 3 stuttmyndir sem hver var 3 mín. löng. Stuttmyndirnar kölluðum við *Leikskólinn okkar - Raddir barna*. Þetta var virkilega skemmtilegt verkefni sem við höfum kynnt foreldrum barnanna og þau geta skoðað á læstu svæði á vefnum.

Miðvikudaginn 16. febrúar fóru elstu Strumpar og allir Tígrar í menningarferð á Selfoss og að þessu sinni skoðuðum við MS. Við sáum alla stóru tankana sem geyma Stoðmjólk, Bíómjólk og fleira og sáum einnig rjóma, ABT mjólk og kókómjólk á færiböndunum. Í lokin fengu allir kókómjólk að drekka og litabók að gjöf sem börnin tóku með sér heim. Skemmtileg ferð sem tókst mjög vel.

Sigríður María Skúladóttir deildarstjóri á Strumpadeild mun hætta í leikskólanum þann 1. mars. Ein umsókn barst frá leikskólakennara þegar staðan var auglýst en það var hún Mareike deildarstjóri á Tígradeild sem sótti um fasta deildarstjórastöðu við leikskólann. Hún hefur nú verið ráðinn sem deildarstjóri á Strumpadeild frá og með 1. mars. Ellen mun því sinna deildarstjórastöðu Tígradeildar út þetta skólaár og Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir mun taka við af Mareike með yngri hópinn á Tígradeild. Við þökkum Siggum Maju kærlega fyrir gott samstarf og

óskum henni velfarnaðar í framtíðinni.

Við minnum á heimasíðu leikskólans en slóðin er <http://www.leikskolinn.is/krakkaborg> þar eru ýmsar upplýsingar um leikskólann.

Bestu kveðjur,  
Karen Viðarsdóttir Leikskólastjóri Krakkaborgar

## **Frá UMF Baldri**

### **Fréttir**

Litlar fréttir berast af starfinu þessa daganna enda um rólegan tíma að ræða á meðan allir jafna sig eftir þrusugott þorrablót. Ýmislegt er þó að gerjast á meðal stjórnarmanna og þangað til það verður ljóst er lítið annað að gera en að mæta á Íþróttæfingar á Þriðjudagskvöldum og aðra viðburði s.s. leiksýninguna hjá Vöku. Eins má lauma ýmsum hugmyndum að stjórnarmönnum á förnum vegi um hvað félagið getur gert skemmtilegt.

### **Þorrablótsannáll**

Að venju verður hægt að fá þorrablótsannál Umf. Baldurs frá nýliðnu þorrablóti, keyptan gegn vægu gjaldi. Áhugasamir hafið samband við Baldur Gauta í síma 867-3538 eða á netfangið [ballroq@hotmail.com](mailto:ballroq@hotmail.com). Einnig er bent á að annálar árána 2009 og 2010 eru einnig fáanlegir, vilji áhugasamir einnig eignast þá.

### **Ljósmyndir af starfi Umf. Baldurs**

Allir þeir sem eiga í förum sínum ljósmyndir af starfi Umf Baldurs síðustu rúmlega 100 árin og vilja ljá Ungmennafélaginu þær til láns eða eignar, eru beðnir um að koma þeim til stjórnarmanna. Þær myndir sem koma til láns verður skilað þegar búið verður að skanna þær í tölvu til til frekari varðsveislu eða fjölfalda.

Hugmyndin er að koma upp góðu safni af ljósmyndum frá leik og starfi ungmennafélagsins Baldurs í þau rúmu 100 ár sem það hefur verið til.

Endilega farið því og gramsið í gömlu myndaalbúmunum eða kössum á háaloftinu og vitið hvað þið finnið. Gott er að fá með myndunum hvar hún er tekin, af hvað tilefni og hverjir það séu sem sjáist á myndinni.

## Huginn

Við tiltekt í félagsherbergi UMF Baldurs í Þingborg fundust nokkur eintök af hinu merkilega félagsblaði Huginn sem gefið var út af UMF Baldri á árunum 1975-1998 í fjölfölduðu upplagi. Langi einhvern til að eignast blað er honum bent að tala við einhvern í stjórn UMF Baldurs, einnig munu eintök liggja frammi á þeim skemmtunum sem Umf Baldur stendur fyrir á næstunni.

Minnt er á heimasíðuna <http://umfbaldurhraung.weebly.com> og einnig erum við á Facebook undir nafninu Ungmennafélagið Baldur Hraungerðishrepp. Að lokum er bent á netfangið [umfbaldurhraung@gmail.com](mailto:umfbaldurhraung@gmail.com)

## Fjör í Flóa

Fjör í Flóa verður dagana 27.-29. maí. Þeir sem hafa áhuga á að vera með og ef einhverjir eru með hugmyndir að einhverju nýju sem hægt er að gera þessa daga, eru beðnir um að hafa samband við rekstrarstjórn **fyrir 20. mars** næstkomandi.

Sigmar Örn Aðalsteinsson	6968653	sigmarorn@hotmail.com
Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir	8999684	vatnsholt1@isl.is
Helgi Sigurðsson	8929872	trukkur@emax.is
Anný Ingimarsdóttir	8618368	anny@arborg.is
Ágúst Hjálmarsson	8469765	langsstaðir@simnet.is

Eða húsverðina í hverju félagsheimili.

## Leikhúsgagnrýni:

### Tvö fjörug heimili

**Leikdeild UMF Vöku**

**Á þriðju hæð**

**Amor ber að dyrum**

**Leikstjóri Þorsteinn Logi Einarsson**

Mér var boðið í heimsókn upp í Þjórsárver á dögnum til að heimsækja leikdeild UMF. Vöku og sjá afrakstur erfiðis þeirra undanfarnar vikur. Það þurfti ekki kurteisissakir við til að þekkja boðið enda ekki vanur öðru en góðum og skemmtilegum sýningum hjá leikdeild Vöku. Að þessu sinni var mér boðið upp Á þriðju hæð og að fylgjast með þegar Amor ber að dyrum.

Sýningin var í raun tveir farsakenndir einþáttungar, Á þriðju hæð eftir Vilhelm Mejo og Amor ber að dyrum eftir George Falk. Verkin eiga það sameiginlegt að einkennast af óvæntum heimsóknum sem skapa skemmtilegan misskilning sem vindur upp á sig eftir því sem líður á söguna. Allt er þetta soðið saman í skemmtilegum hraðsuðukatli vel kryddað með gríni og glensi. Leikstjóri er heimamaðurinn Þorsteinn Logi Einarsson frá Egilstaðakoti og er þetta frumraun hans í leikstjórastólnum. Hann hefur fengið til liðs við sig góðan hóp ungra leikara á aldrinum 14 – 29 ára sem sum eru að stíga sín fyrstu skref en önnur eru reynslunni ríkari þrátt fyrir ungan aldur.

#### **Á þriðju hæð**

Áhorfendur voru komnir inn í litla settlega stofu hjá ágætlega efnuðu fólki. Þar birtust okkur nokkrir skrautlegir karakterar sem flestir höfðu mikla þrá til hins kynsins, en ekki voru það alltaf réttir aðilar sem hlutu þá addáun sem bjó í brjósti persónanna. Það varð til þess að flækja málin á ýmsa vegu auk þess sem persónurnar urðu sér út um ýmsan annan misskilning sem gerði málin flóknari en um leið skemmtilegri.

Verkið og ekki síður málfarið er komið nokkuð til ára sinna, að mínu mati um of. Staðarnöfn voru flest staðfærð upp á nærsveitir og var það skemmtilegt en málfarið hefði mátt fylgja með og uppfæra í nútímann eða a.m.k. nær okkur. Auk þess var meðferð textans á stundum nokkuð óskýr hjá sumum leikendum og náði ekki eyrum áhorfenda með góðu móti. Sum móment milli persóna hefðu einnig mátt fá að lifa betur og vera hreinni. Heimsóknin á þriðju hæðina var engu að síður skemmtileg og fjörug en leikstjóri hefði mátt vinna betur með samspil leikara, texta og framvindu verksins.

## **Amor ber að dyrum**

Eftir að hafa rennt niður kaffibolla og kökum í hléi var áhorfendum boðið í aðra og enn heimilislegri stofu. Að þessu sinni voru gestgjafarnir tvær aldraðar systur sem virtust hafa það helst fyrir stafni að nölðra í hvorri annarri svo dagleg rútína hinnar mætti riðlast. En þegar ungur og myndarlegur piltur úr næstu íbúð bankar uppá og biður sakleysislega um smá viðvik lifnar heldur betur yfir systrunum og þær finna hvernig æskuljóminn heltekur huga þeirra og hjarta sem verður til þess að þær keppast við að finna ný ráð til að klófesta hinn unga Amor úr næstu íbúð.

Samspil systranna er frábært og Tómas Karl og Guðmunda eru með skemmtilegri eldri konum sem ég hef hitt fyrir og leikþátturinn í heild afar vel heppnaður og stórskemmtilegur í alla staði. Leikendur eru allir til fyrirmyndar og verkið fær að njóta sín í góðri meðferð og flæði eftir aðstæðum hverju sinni.

Umgjörðin um bæði verkin var nokkuð einföld en um leið stílhrein á öllum sviðum og lítill ljósagaldur í Amor ber að dyrum undirstrikaði það en öll hönnun sýningar var unnin af leikstjóra og öðrum heimamönnum. Leikendur stóðu sig flestir vel og var sérstaklega ánægjulegt að sjá hina ungu framtíðarleikara Ásrúnu Höllu Loftsdóttur og Svein Orra Einarson stíga sín fyrstu skref með Leikdeild Vöku.

Ég get því ekki annað sagt en þessi heimsókn í Þjórsárver hafi verið góð skemmtun sem kitlaði hláturtaugarnar vel og innilega og hvet fólki til að heimsækja þessi tvö litlu settlegu heimili sem hafa tekið sér bólfestu á sviðinu í Þjórsárveri.

Leikarar: Kolbrún Lilja Guðnadóttir, Guðjón Björnsson, Tómas Karl Guðsteinsson, Helga Björg Helgadóttir, Ásrún Halla Loftsdóttir, Þorsteinn Logi Einarsson, Guðmunda Ólafsdóttir, Sveinn Orri Einarsson

Don Ellione

### **Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps**

**Herbergiskvöld**

**Minum á herbergiskvöld kvenfélagsins þann 8. mars næstkomandi.**

**Stjórnin**



## Frá Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps var haldin í Halakoti sunnudaginn 13. feb. 41 folald mættu til sýningarinnar og u.þ.b. 110 manns komu til að fylgjast með. Steindór Guðmundsson á Hólum fékk það erfiða verkefni að dæma folöldin og svo kusu áhorfendur það folald sem þeim leist best á. Hrossaræktarfélagið þakkar staðarhöldurum í Halakoti þeim Einar Öder og Svanhvíti fyrir afnot af hesthúsinu og Steindóri fyrir dómgæsluna og þeim fjölmörgu sem leið sína lögðu á sýninguna fyrir skemmtilegan dag.

Úrslit:

1.sæti: Hrollur frá Hrafnsholti rauður 39,6 stig

F: Markús frá Langholtsparti

M: Náttús frá Langholti

Mf: Náttar frá Miðfelli

Eig/rækt: Jónas Már Hreggviðsson

2.sæti: Líf frá Oddgeirshólum rauðstj. grá 39,2 stig

F: Kjarni frá Þjóðólfshaga

M: Birta frá Bár

Mf: Glæsir frá Bár

Eig/rækt: Steinþór Guðmunds/Þuríður Einarsd.

3.sæti: Víkingur frá Oddgeirshólum brúnn 38,8 stig

F: Æsir frá Oddgeirshólum

Ff: Álfur frá Selfossi

M: Hera frá Oddgeirshólum

Mf: Hervar frá Sauðárkróki

Eig/rækt: Magnús Guðmunds/Bryndís Snorradóttir

4.sæti: Mökkur frá Langsstöðum brúnn 38,8 stig

F: Kvistur frá Skagaströnd

Ff: Hróður frá Refsstöðum

M: Von frá Langsstöðum

Mf: Trostan frá Kjartansstöðum

Eig/rækt: Ingibjörg Einarsdóttir

5.sæti: Hera frá Miðholti rauðstjörnótt 38,6 stig

F: Roði frá Múla

Ff: Orri frá Þúfu

M: Urður frá Kirkjubæ

Mf: Hrynjandi frá Hrepphólum  
Eig/rækt: Jón Gunnarsson

6.sæti: Milljón frá Austurhlíð 2 brún 38,6 stig  
F: Mjöllnir frá Hlemmiskeiði  
Ff: Krákur frá Blesastöðum  
M: Nótt frá Hvítarholti  
Mf: Sörli frá Búlandi  
Eig/rækt: Trausti Hjálmars/Kristín Magnúsd.

Vinsælasta folaldið að mati áhorfenda:  
Þokka frá Brúnastöðum móbrún 35,4 stig  
F: Loki frá Selfossi  
M: Katla frá Brúnastöðum  
Mf: Oddur frá Selfossi  
Eig/rækt: Ágúst Guðjónsson

### **Skemmtiferð**

Stjórnin hefur ákveðið að fara í skemmtiferð 16.apríl nk. Félagsmenn eru beðnir um að taka daginn frá, nánar auglýst í næsta blaði Áveitunnar.

Heimasíða félagsins: [www.hross.weebly.com](http://www.hross.weebly.com)  
Stjórnin

### **Hrossaræktarferð á Vesturland**

Hrossaræktarfélag Villingaholtshrepps stendur fyrir hrossaræktarferð á Vesturland

12. mars n.k.

Fyrirhugað er að fara á eftirfarandi hrossaræktarbú

Skipaskagi (Jón Árnason)

Steinsholt (Jakob Sigurðsson)

Staður (Agnar Þór Magnússon)

Einhamar (Hjörleifur Jónsson)

Félagsmenn hafa forgang en ferðin kostar 2000kr. fyrir þá og 4000kr. fyrir

utanfélagsmenn.

Skráning í ferðina er í síma 867-4104 eða í [odinn@bssl.is](mailto:odinn@bssl.is)

Stjórnin

## Íþróttamaður Flóahrepps

Eftirtaldir hafa verið tilnefndir til kjörs um Íþróttamann Flóahrepps fyrir árið 2010.

Nöfn þeirra eru hér birt í stafrófsröð en tilkynnt verður um valið á samkomu nú í marsmánuði og er áformað að auglýsa það nánar síðar.

Árni Steinn Steinþórsson	Handbolti
Áslaug Ýr Bragadóttir	Handbolti
Birkir Fannar Bragason	Handbolti
Guðrún Inga Helgadóttir	Glíma
Haraldur Einarsson	Frjálsar íþróttir
Ketill Heiðar Hauksson	Handbolti
Kristrún Steinþórsdóttir	Handbolti
Linda Ósk Þorvaldsdóttir	Fimleikar
Ragnheiður Hallgrímsdóttir	Hestaíþróttir
Reynir Árnason	Blak

Valnefndin

### Afmæli

Hjónin í Dalsmynni í Flóa eiga stórafmæli um þessar mundir.

Eyrún Guðmundsdóttir verður 90 ára þann 5. mars n.k.. Degi síðar þann 6. mars verður Einar Einarsson 100 ára.

Fyrir hartnær 70 árum reistu þau sér bú í Dalsmynni og hafa búið þar alla tíð síðan. Þau eignuðust 9 börn og nú eru afkomendurnir orðnir 60.

Eyrún býr enn í Dalsmynni, en Einar dvelur nú á Dvalarheimilinu Ljósheimum, Selfossi.

Eyrún og Einar ætla að fagna þessum tímamótum með fjölskyldu sinni í Þingborg laugardaginn 5. mars.

## Frá Umf. Vöku:

### KLIFURKETTIR ATHUGIÐ!

Ákveðið hefur verið að breyta aðeins útaf venjunni þetta árið og fara á klifurnámskeið í Klifurhúsinu í stað skautafarðar. Þar er um að ræða allskyns klifurveggi í ýmsum stærðum. Allir 8 ára og eldri eru velkomnir en 8-12 ára krakkar þurfa að vera í fylgd fullorðinna. Leigður verður salur og leiðbeinandi sem kennir okkur tökin.

Hægt er að lesa meira um þetta á *klifurhusid.is*

Áætlað er að fara **fimmtudaginn 17. mars kl. 17.00** með rútu frá Þjórásarveri og heimkoma um 20.30-21.00. Stoppað verður í sjoppu á leiðinni heim til að fá sér eitthvað gott í goggin.

Ferðin kostar 1000 kr á mann + sjoppupeningur ☺

**Panta þarf fyrir miðvikudaginn 9. mars í síma 661-1239 (Laufey)**

Sjáumst hress

Skemmtinefnd Umf. Vöku

## **Byssuskot og gömul mynd**

Félaginu hafa borist góðar gjafir. Þóroddur Kristjánsson frá Skógsnesi fann við tiltekt hjá sér í Hjólábæ á Selfossi gamlar birgðir af skotum í startbyssu eins og þá sem félagið á. Hann hafði samband og vildi gefa félaginu skotin en alls voru þetta 9 fullar dósir. Það verður því hægt að ræsa mörg hlaup hér á næstu árum og enginn þarf að hafa áhyggjur þó hann þjófstarti, skotin klárast ekki, en sá sem þjófstartar er þó dæmdur úr leik. Félagið sendir Þóroddi góðar kveðjur með þakklæti fyrir þessa góðu gjöf.

Kristín á Hurðarbaki hefur gefið félaginu nýtt og stækkað afrit af mynd sem tekin var í Þingdal á fyrsta aðalfundi Ungmennafélagsins Vöku árið 1937. Margir hafa séð þessa mynd en hún er t.a.m. í Sunnlenskum byggðum. Með myndinni fylgir nafnalisti yfir alla þá sem sjást á myndinni, en Eyrún Guðmundsdóttir í Dalsmynni hefur náð að bera kennsl á og nafngreina allan hópinn. Hér er um að ræða afar verðmæta heimild um upphafsár félagsins og mun myndin og nafnalistinn verða varðveittur hjá formanni þar til annað verður ákveðið. Þeir sem hafa áhuga á að skoða myndina er velkomið að hafa samband við Guðmundu

Ólafsdóttur formann Vöku. Félagið sendir þeim Kristínu og Eyrúnu góðar kveðjur fyrir þeirra framlag til að varðveita sögu félagsins okkar.

### Úrslit af mótum

*Meistaramót Íslands innanhúss 5. -6. febrúar - Laugardalshöll*

**Haraldur Einarsson** 60 m hlaup 6. sæti 7,22 sek.

*Bikarkeppni Frí innanhúss 19. febrúar – Laugardalshöll*

**Haraldur Einarsson** 60 m hlaup 2.-3. sæti 7,11 sek.

400. m. hlaup 4. sæti 50,98 sek.

**Bjarni Már Ólafsson** stangarstökk 6. sæti 2,80 m.

þristökk 2. sæti 13,19 m.°

*Meistaramót Íslands 11-14 ára Laugardalshöll 26.-27. febrúar*

**Jón Þór Pálsson** Hástökk 13. sæti 1,39 m

**Ýmir Atlason** 60 m hlaup 13.-14. sæti 10,46 sek

Langstökk 12. sæti 3,46 m

800 m hlaup 11. sæti 3:20,99 mín

Kúluvarp 12. sæti 6,55 m

## Aðalfundur Nf. Flóamanna

Nautgriparæktarfélag Flóamanna heldur aðalfund sinn mánudaginn 14. mars í fundarsalnum að tilraunabúinu á Stóra Ármóti og hefst hann kl. 13:00. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem gestir fundarins verða tveir. Annars vegar mun Guðmundur Jóhannesson ráðunautur fara yfir niðurstöður skýrsluhaldsins og nautaskrána. Hins vegar mun tilraunastjórinn á Stóra Ármóti, Grétar Hrafn Harðarson, fjalla um starfið þar. Einnig verður fundargestum gefin kostur á að litast um í fjósinu. Kaffiveitingar í boði félagsins.

Stjórnin

## Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður í Félagslundi fimmtudagskvöldið 10. mars kl. 20.30. Venjuleg aðalfundarstörf. Fjölmennum á fundinn og eigum saman góða stund og skipuleggjum starfið á árinu. Veitingar í umsjá stjórnar.

Stjórnin.

Ágætu íbúar í Flóahreppi! Ég hef ég verið með smá fréttapistla á Útvarpi Suðurlands FM 963 á þriðjudagsmorgnum kl 11, í rúmlega tvö ár og sagt frá mönnum og málefnum. Ef það er eitthvað sem þið viljið koma á framfæri, viðburðir eða eitthvað annað þá er ég með netfangið: [icegordon@gmail.com](mailto:icegordon@gmail.com)

Með bestu kveðjum  
Ragnar Sigurjónsson

## Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri fimmtudagskvöldið 17. mars n.k. kl 20.30.(ath. breyttan fundartíma frá auglýsingu í febrúaráveitu)

Dagskrá fundarins: Venjuleg aðalfundarstörf. Kjósa þarf gjaldkera. Núverandi gjaldkeri Lilja Böðvarsdóttir gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Tekin verða til afgreiðslu lagabreytingar kvenfélagsins.

Kaffikonur : Kristín Stefánsdóttir, Kristín Tómasdóttir, Lilja Böðvarsdóttir, Margrét Ósk Ingjaldsdóttir, Rósa Matthíasdóttir.

Nýjar konur hjartanlega velkomnar.

Með kveðju fyrir hönd stjórnar.

Valgerður.

## Frá Skógræktarfélagi Hraungerðishrepps

### Aðalfundur og fræðslufundur

Aðalfundur Skógræktarfélags Hraungerðishrepps verður haldinn þriðjudagskvöldið 22. mars kl. 20:15 í Þingborg. Dagskrá fundarins er venjuleg aðalfundarstörf. Að fundi loknum verður í samstarfi við Kvenfélag Hraungerðishrepps haldinn fræðslufundur um trjárækt og matjurtarækt og mun Hafsteinn Hafliðason fræða okkur allt um það.

Félagar fjölmennið og takið með ykkur gesti.

Stjórnir félaganna.

### Aðalfundur Flóakorns ehf. 2011

Aðalfundur Flóakorns ehf verður haldinn í Þingborg miðvikudagskvöldið 30.mars kl 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf. Allir kornáhugamenn velkomnir í hækkandi föðurverði og frostlausri jörð.

Stjórnin.

## Árshátíð & aðalfundur S.U.B.

Árshátíð og Aðalfundur samtaka ungra bænda, verður haldinn á Hótel Fjótshlíð þann 12. mars n.k. Þar vonumst við eftir að ungr og atfíklir bændur lýsi skoðunum sínum og komi með tillögur að krefjandi verkefnum fyrir samtökin. Eftir fundinn bjóða samtökin til skoðunar og skemmtiferðar um svæðið, þar sem stoppað verður m.a. á Þorvaldseyri og e.t.v. fleiri stöðum. Glæsileg árshátíð verður svo um kvöldið, með veglegum veitingum, í bland við dýndrandi dansmúsik.

Mætum

Eflum andann og eininguna.

Fyrsta flokks gisting í boði.

Tveggja manna herbergi: 10.000 kr (5000 kr á mann)

Eins manns herbergi: 6000 kr.

Morgunverður er innifalinn í gistingunni

Hægt er að bóka gistingu á Hótel Fjótshlíð ([www.emaratun.is](http://www.emaratun.is)) í síma 487-8471 og 487-1416

eða á netfanginu [smaratun@simnet.is](mailto:smaratun@simnet.is)

Miðaverðið á Árshátíðina í ár er aðeins 4.600kr

Upplýsingar og pantanir: [helgi@ungurbondi.is](mailto:helgi@ungurbondi.is)

Eða hjá Arnari Páli í síma 8472324

Og Ragnhildu í síma 8679689

Árshátíðarnefnd

- Dagsetning: 12. mars 2011
- Staðsetning: Hótel Fjótshlíð
- Aðalfundur 9:30-15:00
- Árshátíð hefst 20:30
- Veglegt þríréttaðveisluhlaðborð
- Veislustj: Haraldur Benediktsson formaður BÍ
- Hjómsveitin Hitakútur frá Hveragerði tryllir lýðinn
- Skoðunar og skemmtiferð í boði SUB

## ***Glimufréttir***

Æfingasókn hefur verið góð undanfarið, sjaldan undir 12 ungmennun á æfingu og mörg ný og áhugasöm andlit. Æfingar halda áfram nú í mars á mánudagskvöldum frá kl. 20 til 21. Febrúarmánður hefur verið mikill mótamánuður í glímunni og árangur okkar fólks góður. Glímuþing var einnig haldið í mánuðinum en þar var Hugrún Geirsdóttir kosin í stjórn Glímusambandsins. Um hægist í mars nema hvað við höldum okkar árlegu Bikarglímu auk þess sem styttist í Grunnskólamót Íslands á Reyðarfirði 2. apríl.

## ***Úrslit af mótum***

### **Grunnskólamót HSK haldið á Hvolsvelli 2. febrúar**

Flóaskóli sendi sjö keppendur sem stóðu sig allir með þrýði. Árangur þeirra varð eftirfarandi:

#### **7. bekkur stráka – 13 keppendur**

2. Þorgils Kári Sigurðsson

5.-6. Jón Gunnþór Þorsteinsson

#### **8. bekkur stráka – 11 keppendur**

5.-6. Jón Þór Pálsson

9.-10 Jóann Páll Smáráson

#### **7. bekkur stúlkna – 6 keppendur**

2. Hanna Kristín Ólafsdóttir

#### **8. bekkur stúlkna – 7 keppendur**

1. Guðrún Inga Helgadóttir

4. Helga Leifsdóttir

### **Bikarglíma Íslands haldin í Reykjavík 19. febrúar**

Stefán Geirsson Samhygð keppti í +90 kg flokki karla og hafnaði þar í 5. sæti Marín Laufey Davíðsdóttir Samhygð keppti í bæði +65 kg flokki þar sem hún varð í 3. sæti og í opnum flokki kvenna þar sem hún varð önnur. Ingibjörg Markúsardóttir Samhygð keppti í +65 kg flokki og hafnaði í 7. sæti.

### **Sveitaglíma kvenna og MÍ í kvennaflokkum í Reykjavík 20. febrúar**

Samhygðarkonurnar Hugrún Geirsdóttir, Ingibjörg Markúsardóttir og Marín Laufey Davíðsdóttir glímu allar í kvennasveit HSK sem sigraði sveit ÚÍA í æsisþennandi keppni um Íslandsmeistaratitilinn í sveitaglímu kvenna. Sama dag kepptu þar stöllur í þriðju og lokaumferð Meistaramóts GLÍ í kvennaflokkum. Marín Laufey hampaði þar bæði Íslandsmeistaratitli í +65 kg flokki og opnum flokki kvenna og Hugrún Geirsdóttir varð Íslandsmeistari í –65 kg flokki kvenna.

### **Héraðsmót HSK í Reykholti 26. febrúar**

Samhygðarfólkið Stefán Geirsson og Marín Laufey Davíðsdóttir endurtóku leikinn frá því í fyrra og sigruðu í Skjaldarglímu Skarphédins og Bergþóru. Stefán hampaði þar með skildinum í 8. sinn en Marín í annað sinn. Marín sigraði



einnig í meyjaflokki 15-16 ára.

Guðrún Inga Helgadóttir Vöku sigraði í flokki stúlkna 13-14 ára og Hanna Kristín Ólafsdóttir Baldri náði þriðja sæti í sama flokki.

Þorgils Kári Sigurðsson Vöku sigraði flokki pilta 13-14 ára og Jón Gunnþór Þorsteinsson Samhygð hafnaði í fjórða sæti í sama flokki.

### ***Bikarglíma Samhygðar***

Verður haldin á æfingatíma mánudagskvöldið 21. mars kl. 20:00. Keppt verður í aldursflokkum hjá strákum og stelpum og veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sæti. Foreldrar og aðrir áhugasamir eru hvattir til að fylgjast með krökkunum á þessu uppskerumóti þeirra.

Þjálfari

### **Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverjabæjarhrepps**

Á laugardaginn kemur, 5. mars, verður haldinn aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverjabæjarhrepps í Félagslundum og hefst hann kl. 14:00. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf. Gestur fundarins verður Guðmundur Lárusson stjórnarformaður Ræktunarsambands Flóa- og Skeiða en hann mun fjalla um málefni Ræktunarsambandsins sem hafa verið í brennideplinum upp á síðkastið.

Félagar eru hvattir til að fjölmenna.

Stjórnin

### **Tilkynningar frá Árnosi Gnúpverjahreppi**

Vegna bókana á veitingum ásamt leigu á sal í Árnosi vinsamlegst hafið samband við Gauta (8635269) eða Írisi (7705195). Einnig er hægt að senda fyrirspurn á [matstofanarnes@simnet.is](mailto:matstofanarnes@simnet.is)

Starfsfólk vantar í veitingasal í Árnosi fyrir sumarið. Áhugasamir vinsamlegast sendi inn umsókn á netfang [Matstofunnar; matstofanarnes@simnet.is](mailto:matstofanarnes@simnet.is)

**Hlauparar og aðrir áhugasamir athugið – Flóahlaup Samhygðar verður haldið 9. apríl.**

## Pistillinn

Ég vil byrja á því að óska gleðilegs árs , sveitungar góðir. Þessi pistill átti nú að birtast í síðasta fréttabréfi en undirritaður er nú, eins og margir vita, ekki mikill tölvukall svo að seint sóttist verkið.

Ég ólst upp að Reynivöllum í Kjós að mestu leyti. Fyrir tæpum tíu árum flutti ég að Stóra-Ármóti . Eitthundrað árum fyrr fluttist frá Stóra-Ármóti að Reynivöllum Séra Halldór Jónsson, en hann var fæddur hér og uppalinn. Hann var prestur á Reynivöllum í fimmtíu ár . Séra Halldór skrifaði merkilegar endurminningar sem heita Ljósmyndir I og II. Þar segir frá fólki og staðháttum þess tíma, en Halldór var til að merkja afkomandi Johnsens umboðsmanns á Stóra-Ármóti, þess er kom við sögu í Kambráninu.

Það er orðinn langur aðdragandi að spurningu Guðmundar í Hraungerði. Hver er munurinn á Flóamönnum og Kjósverjum. Stór spurning? Lítið svar? Ekki veit ég hvort mikill munur er á mönnum og málefnum, held bara ekki. En í búskaparlegu tilliti, þá eru búin í Kjósinni eitthvað minni en hér í Flóanum, þar tel ég skýringuna vera helsta að í gegnum Kjósina rennur laxveiðiá sem hefur í gegnum tíðina gefið dágóðar tekjur, eitthvað misjafnt milli bæja. Svo ég vitni í séra Halldór, þá var einn siður viðhafður í Flóanum á heyskapartíma, að vaknað var í túnið, sem kallað var. En þá var farið á fætur klukkan þrjú að nóttu til að slá. Sá siður þekktist ekki Kjósinni að sögn séra Halldórs.

Ekki mun séra Halldór að fullu bættur Flóamönnum með mínum flutningi og verður sennilega að afskrifa það sem útaf stendur, það ku víst vera í tísku þessi misserin. En það sem ég vildi nú kannski koma til skila með þessum pistli er hversu mikilvægt það er að einhverjir riti um samtímamann á hverjum tíma. Það mun síðar verða öðrum til gagns. Að lokum skora ég á Hreggvið í Langholti að skrifa næsta pistil.

Stóra-Ármóti á Þorra 2011 Höskuldur Gunnarsson.

### **Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps**

Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn föstudagskvöldið 11. mars í Þjorsárveri og hefst kl. 21:00. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Félagsmenn eru hvattir til að mæta og nýir félagar eru velkomnir.

Stjórnin

**Leikdeild Umf. Vöku kynnisr:**

**Á þriðju hæð**  
eftir Vilhelm Mejo

og

**Amor ber að dyrum**

eftir Georg Falk

**Í leikstjórn Þorsteins Loga Einarssonar**

Leikritin eru sýnd saman í félagsheimilinu Þjórsárveri. Um er að ræða tvö stuttverk í gamansömum tón þar sem misskilningur og kátlegar uppákomur ráða för.

Skemmtileg leikverk sem henta vel fyrir alla fjölskylduna.

**Nú er komið að síðustu sýningarhelgi!!**

**Laugardaginn 5. mars kl: 15:00**

**Laugardaginn 5. mars kl: 22:00**

**(sérstök miðnætursýning)**

**Miðapantanir í síma 8459719 ( hjá Hallfríði)**

Í hléi verða hressandi veitingar seldar á vægu verði.

Látið þessa stórgóðu skemmtun ekki framhjá ykkur fara – verið velkomin.

Leikdeild Umf Vöku

### **Frá Gaulverjabæjarkirkju**

Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarsóknar verður sunnudaginn 13. mars 2011 og hefst fundurinn strax að lokinni messu, sem hefst kl. 14.00. Venjuleg aðalfundarstörf. Farið verður yfir starf síðasta árs, reikninga kirkjunnar og kirkjugarðs og kosið í sóknarnefnd.

Við vonumst til að sjá sem flesta í kirkjunni og á fundinum á eftir.

Sóknarnefndin.

## Dagskrá mánaðarins

Ungfolasýning Hrossaræktarfélaganna	3. mars
Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverjabæjarhr.	5. mars
Leiksýningar í Þjórsárveri kl. 15 og 22	5. mars
Héraðsleikar HSK	5. mars
Glímuæfing	7. mars
Æfing eldri	8. mars
Herbergiskvöld Kvf. Hraungerðishr.	8. mars.
Aðalfundur Kvf. Gaulverjabæjarhr.	10. mars
Aðalfundur Búnaðarfélags Villingah.hr	11. mars
Héraðsþing HSK	12. mars
Hrossaræktarferð á Vesturland	12. mars
Aðalfundur SUB	12. mars
Messa í Gaulverjab.kirkju og aðaldafnaðarfundur	13. mars
Aðalfundur Nf. Flóamanna	14. mars
Glímuæfing	14. mars
Æfing eldri	15. mars
Æfing yngri	16. mars
Aðalfundur Kvenfélags Villingh.hr	17. mars
Ferð í Klifurhúsið	17. mars
Skil í Fjör í Flóa	20. mars
Bikarglíma Samhygðar	21. mars
Æfing eldri	22. mars
Aðalfundur Skógræktarfélags Hraungerðishr.	22. mars
Æfing yngri	23. mars
Glímuæfing	28. mars
Æfing eldri	29. mars
Æfing yngri	30. mars
Aðalfundur Flóakorns ehf.	30. mars



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160